

5. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans og skal ávaxta hann í verðtryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða með öðrum þeim hætti sem sjóðstjórn er sammála um að telja jafn öruggan. Skýrslu um starfsemi sjóðsins ásamt reikningum skal birta í ársskýrslu skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af eftirlitsmönnum opinberra sjóða og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Verði sú breyting á hlutverki og rekstri Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri að breyta þurfi skipulagsskrá þessari til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum skal stjórn það heimilt enda sé það samhljóða álit hennar.

7. gr.

Verði starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri lögð niður skulu eignir sjóðsins renna til sambærilegra verkefna við aðrar háskólastofnanir eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 1999.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 8.463 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 11.783 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingarvísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.142 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 4.285 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.143.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.612 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 5.769 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 450 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 8.034 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 10.685 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 13.336 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindu verði.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 537 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 ltr. sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 ltr. og 1100 ltr. íláti. Endurnýjun sorpláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 7. desember 1999.

Akranesi, 13. desember 1999.

Bæjarritarinn Akranesi,

Jón Pálmi Pálsson.